

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum, karrí, túrmerík (curcuma) og pálmolíu.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- eða fínmöluðum sterkum chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum, karrí og afurðum úr því, túrmerík (curcuma) og pálmolíu sem ætluð er til manneidis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innhalda sudan litarefni sem um getur í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja inn til landsins:

- a) þurrkaðan, gróf- eða fínmalaðan sterkan chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðir úr honum sem falla undir tollskrárnúmerin 0904.1200 og/eða 0904.2009,
- b) karrí og afurðir úr því sem falla undir tollskrárnúmerið 0910.5000,
- c) túrmerík sem fellur undir tollskrárnúmerið 0910.3000,
- d) pálmolíu sem fellur undir tollskrárnúmerin 1511.1001 og/eða 1511.1009.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar rannsóknarvottorði sem viðurkennt er af opinberum aðilum til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki eftirtalin litarefni:

- a) Sudan I (CAS númer 842-07-9);
- b) Sudan II (CAS númer 3118-97-6);
- c) Sudan III (CAS númer 85-86-9);
- d) Sudan IV / Skarlatsrauður (CAS númer 85-83-6).

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram rannsóknarvottorð samþykkt af opinberu yfirvaldi á EES-svæðinu sem sýnir að hún innihaldi ekki framangreind sudan litarefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd þessarar auglýsingar skal vera samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 30. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

7. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og með hliðsjón af ákvörðun 2005/402/EB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 340/2004 um takmörkun á innflutningi á sterkum chilepipar og afurðum úr honum.

Umhverfisstjórnuneytinu, 16. ágúst 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.